

Eiríkur Rögnvaldsson

Háskóla Íslands

Mál og miðlar:

Upplýsingabyltingin og smáþjóðatungumál

1. Inngangur

Á undanförunum árum hafa orðið örari breytingar á lífsskilyrðum smáþjóðatungumála en nokkru sinni fyrr. Það er einkum þrennt sem veldur þessu. Í fyrsta lagi gervihnattasjónvarp; í öðru lagi ýmiss konar efni á geisladiskum, bæði tölvuleikir og fræðslu- og skemmtiefni; og í þriðja lagi Internetið og veraldarvefurinn. Áhrif þessara þátta á tungumálið eru tvenns konar. Annars vegar leiða þeir til þess að fólk heyrir og les minna en áður á móðurmáli sínu, vegna þess að mest af efni þessara miðla er á erlendu máli – oftast ensku. Sá tími sem fer í þessa miðla nýtist því ekki til þjálfunar í móðurmáli. Hin hliðin á málinu er svo sú að fólk verður fyrir miklu meiri erlendum áhrifum en áður; enskan bylur á mönnum í öllum þessum miðlum.

En fleira kemur til, sem er e.t.v. hættulegast, þótt það liggi ekki eins í augum uppi. Það eru þau áhrif sem þetta hefur á hugmyndir fólks um móðurmál sitt og stöðu þess. Það er ekki fráleitt að gera því skóna að í hugum manna tengist málið og miðillinn sterkum böndum; fólki finnst eðlilegt og raunar óhjákvæmilegt að umrætt efni sé á ensku. Það er alkunna á Íslandi a.m.k. að popphljómsveitir semji texta sína meira og minna á ensku, oft frekar af vilja en mætti. Þetta er auðvitað að einhverju leyti í von um heimsfrægð, en ekki síður vegna þess að mönnum finnst tónlistin hljóma betur ef sungið er á ensku; íslenska falli ekki að poppi. Þetta er skýrt dæmi þess að mál og miðill renna saman í eitt. Engin ástæða er til annars en búast við því að hið sama gerist í hinum sjónrænu miðlum; og hvar stöndum við þá?

Undanfarna áratugi hefur verið unnið mikið starf við að íslenska orðaforða ýmissa fræðigreina. Þetta starf má sannarlega ekki vanmeta, og oft hefur tekist vel til og

starfið borið árangur. En nú hafa aðstæður gerbreyst. Málið snýst ekki lengur um það að ekki séu til íslensk fag- og fræðiorð á tilteknum sviðum. Það snýst þess í stað um það að ekki er lengur hægt að nota neina íslensku, ekki heldur algengu orðin sem eru til í málinu, við ýmsar aðstæður. Það dugir ekki að orðin séu til, ef tungumálið er ekki gjaldgennt.

2. Upplýsingaleit: Margmiðlun, Internet

Framboð á hvers kyns skemmti- og fræðsluefni í margmiðlunarformi hefur aukist gífurlega að undanfögnu. Þar má nefna alfræðiefni eins og Microsoft Encarta, en einnig alls konar efni um einstök svið. Talsvert af þessu efni er ætlað börnum og unglingum, s.s. efni frá enska forlaginu Dorleen Kindersley. Margmiðlunarformið hentar oft mjög vel til að kynna og skýra ýmis svið fyrir börnum og unglingum. Bæði er hægt að skýra ýmislegt miklu betur en hægt er á bók með því að samnýta texta, myndir og hljóð, og eins er ungt fólk alið upp við slíka miðlun úr sjónvarpi, og því er hún nærtækari en að grípa bók úr hillu. En þetta efni er auðvitað á ensku – og verður það. Slíkt efni er dýrt í framleiðslu, og borin von að í litlu málsamfélagi eins og því íslenska verði nokkurn tíma unnt að þýða efni af þessu tagi eða frumvinna það fyrir Íslendinga. Svipað er að segja um veraldarvefinn. Þar er að finna geysimikið af upplýsingum um flest milli himins og jarðar; en megnið af því er líka á ensku. Internetið er mikið notað á Íslandi, og mikill fjöldi manna, einkum yngra fólk, notar veraldarvefinn reglulega.

Breytingar í tölvuheiminum eru nú mjög örur. Þróunin stefnir í þá átt að tungumálið sé notað sífellt meira og á fjölbreyttari hátt. Þetta á t.d. við í hvers kyns upplýsingaleit. Í stað þess að fyrirspurnir séu settar fram á staðlaðan hátt með takmörkuðum orðaforða er nú stefnt að því að hægt sé að spyrja á venjulegu máli, sem næst því sem maður ræðir við mann. Augljóst er að þetta eykur mjög aðgengi almennings að upplýsingum og gagnabönkum, vegna þess að ekki er lengur þörf á að setja sig inn í flóknar reglur um það hvernig fyrirspurnir skulu settar fram. Tölvuforritin eru orðin það fullkomin að þau geta túlkað mun fjölbreyttari fyrirspurnir. Í bæklingnum *Language and Technology* sem Evrópusambandið gefur út segir:

In an ideal world, every user would be able to access the information they required using their own language, and be able to receive the information in their own language. ‘Information’ in this context includes business and

commercial information (including advertisements, orders, bills, payments, etc.), educational materials, entertainment, and so on.

En þó er einn hængur á. Til að þetta sé mögulegt þurfa að liggja fyrir geysimiklar, fjölbreyttar og nákvæmar upplýsingar um tungumálið, og þær þarf að setja upp í ákveðið kerfi, til að forritin geti byggt greiningu sína á þeim. Einnig er þróun í þá átt að menn tali við tölvur; gefi þeim munnleg fyrirmæli, í stað þess að slá þau inn. Þetta krefst sams konar upplýsinga og áður var nefnt, og auk þess fullkominnar hljóðgreiningar. Hvorugt liggur fyrir um íslensku t.d.

3. Staða mála á Íslandi

Íslensk stjórnvöld hafa ekki sýnt þessum málum sérstaklega mikinn áhuga. Í október sl. gaf ríkisstjórnin að vísu út bæklinginn *Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið*. Þar segir Davíð Oddsson í formála:

Þær breytingar sem í hönd fara verða því að styrkja íslenska menningu og trú þjóðarinnar á eigin sérstöðu og hlutverk. Svo vill til að íslenskur menningararfur er að langmestu leyti fólgin í upplýsingum. Upplýsinga- og fjarskiptatækni lýkur því ekki einungis upp nýjum möguleikum er varða framtíðarþróun íslensks samfélags, heldur mun þessi tækni valda straumhvörfum í kynningu og skilningi á þeim verðmætum sem þjóðin hefur skapað á liðnum öldum.

Menntamálaráðuneytið gaf líka út rit í fyrra: *Í krafti upplýsinga. Tillögur menntamálaráðuneytisins um menntun, menningu og upplýsingatækni 1996-1999*. Þar er að finna kafla sem heitir „Íslenskt mál og útgáfa íslensks menningarefnis á stafrænu formi.“ Þar er vakin athygli á því að þar sem einangrun landsins heyrir sögunni til sé augin þörf á því í upplýsingasamfélaginu að Íslendingar hugi að viðgangi tungunnar. Þarna er fyrst talað um stafatækni, þar sem tekist hefur að vinna nokkurt land fyrir íslenskar sérþarfir. Í upphafi tölvuvæðingarinnar fóru samskipti við tölvur fram án íslenskra stafa. Nú er oftast hægt að nota íslenska stafi í tölvum; ýmsir hafa barist fyrir þessu, m.a. íslensk málnefnd, og vissulega var það mikilvægur áfangi að fá þ viðurkennt í alþjóðlega stafatöflu. Þó er enn verið að byggja upp kerfi sem byggjast á 7 bita stafasetti, sem útilokar alla aðra bókstafi en þá sem eru notaðir í ensku. T.d. skilst mér að þannig sé um nýja gerð vegabréfa sem á að taka í notkun í tengslum við Schengen-samninginn.

Til að lítil tungumál eins og íslenska og færeyska eigi einhverja lífsvon þurfa málræktarmenn að breyta áherslum sínum, og stjórnámamenn að átta sig á að það kostar peninga að verja lítil málsamfélög. Málræktarmenn verða að gera sér grein fyrir hinum breyttu aðstæðum, og upphugsa ráð til að bregðast við þeim. Stjórnámamenn verða að gera það upp við sig hversu miklu fé þeir vilja verja til að vernda tungumálið. Að sjálfsögðu er hægt að útbúa sams konar gagnasöfn fyrir lítil tungumál og stór – ef nægilegt fé er fyrir hendi. En hér er ekki um neinar smáupphæðir að ræða. Sumir hafa nefnt þrjá milljarða, en hversu raunhæft sem það er, þá er ljóst að kostnaðurinn er gífurlegur – sennilega of mikill til að líklegt sé að stjórnvöld geri nokkuð í málinu.

Í tölvumálum hefur reyndar orðið töluverð afturför á seinni árum. Stýrikerfi og tölvuforrit hafa reyndar alla tíð verið að verulegu leyti á ensku, en fyrsta stýrikerfið var þó þýtt á íslensku 1981 (í Compucorp-tölvum). Á fyrstu árum PC-væðingarinnar komu á markað nokkur íslenskuð ritvinnsluforrit. Þau voru þó öll frekar ófullkomin og ekkert þeirra komst í almenna notkun, en það virðist hafa þótt sjálfsagt á þeim árum að slík kerfi væru á íslensku. Fyrsta fullkomna ritvinnslukerfið, WordPerfect, var þýtt 1986, og náði mikilli útbreiðslu. Meginástæða þess hefur sennilega verið þýðingin, því að líklega hefur það verið út á hana sem ríkið keypti forritið. Einnig fylgdi því íslenskt leiðréttingaorðasafn, það stærsta sinnar tegundar sem gert hefur verið hér (rúmar 100 þúsund orðmyndir).

Af einhverjum ástæðum varð þó ekki framhald á þessari þróun. Fyrsta Windows-útgáfan af WordPerfect var að vísu þýdd á íslensku, en síðustu 5 ár a.m.k. hafa nýjar útgáfur forritsins ekki verið þýddar. Nú eru tvö helstu ritvinnsluforritin, Word og WordPerfect, því eingöngu á markaði í enskum útgáfum; og Windows-stýrikerfið hefur aldrei verið þýtt. Macintosh-tölvur hafa aftur á móti verið á íslensku í mörg ár, en nú eru komnir á markaðinn Macintosh-klónar með óþýtt stýrikerfi. Stundum heyrir, a.m.k. frá Macintosh-umboðinu, að í því ljósi sé undarlegt að ríkið hafi tekið PC-tölvur upp á sína arma. Í bók menntamálaráðuneytisins, *Í krafti upplýsinga* (1996) er reyndar sett það markmið að notendaskil Windows verði á íslensku, og síðan sagt:

Stjórnvöld setji í útboðsreglur að keyptur verði tölvubúnaður með íslenskum notendaskilum Windows.

Í þessu máli hefur þó ekkert gerst, svo að ég viti. Það má halda því fram að fyrir nokkrum árum hafi ekki skipt svo miklu máli að stýrikerfi væri á ensku; þar var um að ræða tiltölulega fáar skipanir, sem aukinheldur voru margar hverjar

skammstafanir en ekki heil ensk orð. Öðru máli gegnir hins vegar með kerfi eins og Windows, sem fylgir mikill texti. Auk þess er Windows þannig upp byggt að skipanir úr því birtast iðulega innan um texta úr forritum sem keyrð eru undir Windows, og ef þau forrit eru á íslensku kemur þar út ljótur hrærigrautur tungumála. Það eitt og sér getur vel latt menn til að leggja vinnu í íslenskun forrita.

4. Hættumerki

Hér er því komin upp splunkuný staða, sem ekki á sér hliðstæðu fyrr í málsögunni. Þarna er orðið mikilvægur þáttur í daglegu lífi venjulegs fólks, þar sem móðurmálið er ónothæft. Takið eftir að þarna er þrennt sem spilar saman, og það skapar hættuna. Um er að ræða mikilvægan þátt, en ekki eitthvert aukaatriði; þessi þáttur snertir daglegt líf, en kemur ekki bara fram einstöku sinnum, við einhverjar sérstakar aðstæður; og þetta á við venjulegt fólk, allan almenning, en ekki eingöngu sérfræðinga á einhverju þröngu sviði. Ég held að málið gæti varist samspili tveggja þessara þátta, en þegar allir þrír koma saman kann að vera hættu á ferðum. Þótt einstöku stéttir, t.d. flugmenn, tali ensku eða sletti ensku í daglegum störfum er það ekki hættulegt; þar er bæði hópurinn og aðstæðurnar takmarkandi.

Það er alþekkt að dauðastríð tungumála hefst einmitt þegar aðstæður af þessu tagi koma upp; þegar mál er ekki lengur nothæft við allar aðstæður í hversdagslegu lífi almennings. Móðurmálið verður þá víkjandi, það er aðeins hæft til heimabruks en ekki til neinna alvarlegra hluta. Við slíkar aðstæður hrekkur jafnvel ríkulegur bókmenntaarfur og öflugt nýyrðastarf skammt; málið á sér ekki viðreisnar von, og hlýtur að hverfa á tiltölulega stuttum tíma. Ungu kynslóðin sér ekki lengur tilgang í að læra málið, heldur leggur alla áherslu á að tileinka sér erlent mál, enskuna væntanlega, sem best. Ég er ekki að segja að íslenskt málsamfélag sé komið á þetta stig, en það gæti verið stutt í það. Ég held að breytingarnar á þessu sviði hafi verið miklu örrari nú allra síðustu ár en menn gera sér grein fyrir. Málræktarmenn hljóta þá að velta fyrir sér hvernig eigi að bregðast við.

5. Viðbrögð

Viðbrögðin geta auðvitað verið margs konar. Í áðurnefndu riti menntamálaráðuneytisins, *Í krafti upplýsinga*, segir m.a.:

Með upplýsingatækni hefur framboð á erlendu efni á geisladiskum og Interneti aukist verulega. Íslendingar verða að leggja áherslu á að styrkja íslenska framleiðslu í samkeppni á þessu sviði sem og öðrum. Styrkja þarf notkun íslenskrar tungu í upplýsingatækni og stuðla að nægu framboði efnis þannig að hægt sé að nálgast sem fjölbreyttast efni á íslensku. Framleiðendur hér á landi verða að geta nýtt sér nýja tækni og stuðlað að góðu framboði á íslensku efni á geisladiskum og Interneti á komandi árum.

Meginmáli skiptir að viðbrögðin séu á jákvæðum nótum; að þau beinist að því að styrkja móðurmálið og skapa því lífsskilyrði, frekar en berjast einhliða gegn erlendum áhrifum. Þetta má gera á ýmsan hátt. Í fyrsta lagi er auðvitað mikilvægt að huga vel að móðurmálskennslu í skólum, allt frá leikskóla til stúdentsprófs, og efla hana eftir mætti. Þar skiptir máli að eyða ekki kröftunum í leiðréttingar á einstökum tilbrigðum í máli, heldur þjálfar lestur, ritun, málnotkun og málskilning eins og kostur er. Nú er verið að vinna að nýrri námskrá í móðurmáli fyrir grunn- og framhaldsskóla, þar sem einmitt er lögð áhersla á þessa þætti.

Í öðru lagi er mikilvægt að efla gerð íslensks efnis á þeim sviðum þar sem erlent efni sækir mest á. Oft hefur verið bent á mikilvægi íslenskrar kvikmyndagerðar fyrir íslenskt mál og menningu, sbr. erindi Friðriks Þórs Friðrikssonar kvikmynda-leikstjóra á degi íslenskrar tungu sl. haust. Það hefur hins vegar minna verið talað um mikilvægi íslensks margmiðlunarefnis. Slíkt efni er vissulega til, en ákaflega rýrt enn sem komið er, og það er dýrt í framleiðslu. Þó er nú verið að útbúa margmiðlunarefni um íslenskt mál, einkum ætlað skólafólki. Þessi útgáfa er samstarfsverkefni verkefnisstjórnar í íslensku á vegum Lýðveldissjóðs og Námsgagnastofnunar. Við sem stöndum að þessari útgáfu teljum að enda þótt aldrei verði hægt að gefa út á íslensku nema brot af því sem til er á þessu formi erlendis skipti það máli, til að sýna fólki að þetta sé hægt – að það sé ekkert náttúrulögmál að slíkt efni sé á erlendum málum.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að efla hvers kyns þýðingar eins og kostur er. Til er norrænn þýðingarsjóður sem styrkir þýðingar á bókmenntum milli norræna mála; hins vegar er ekki til neinn sjóður sem styrkir þýðingar á kvikmyndum, margmiðlunarefni eða forritum, svo að mér sé kunnugt. Það er í sjálfu sér skiljanlegt að íslenskir tölvusalar hafi ekki lagt í þýðingu umfangsmikilla forrita fyrir svo lítinn markað. Textar í forritum hafa margfaldast á undanförunum árum, og það er meiriháttar mál að þýða t.d. nýja útgáfu af fullkomnu ritvinnsluferfi. Til að kosta slíka þýðingu yrði óhjákvæmilegt að hækka verð forritsins, og það býður

heim þeirri hættu að notendur kaupi – eða afriti í heimildarleysi – erlenda útgáfu forritsins. Einnig gæti þetta ýtt undir óleyfilega afritun, sem aftur yrði til þess að minnka markaðinn enn meira.

En vitaskuld er líka skortur á hæfum þýðendum. Kennsla í þýðingum er nánast engin, t.d. við Háskóla Íslands, og það litla sem er snýst mest um bókmennta-þýðingar, sem lúta talsvert öðrum lögmálum en nytjaþýðingar. Fyrir nokkrum árum voru lagðar fram tillögur um að taka upp sérstaka námsbraut í þýðingum við heimspekideild Háskóla Íslands, en sökum fjárskorts hafa þær ekki komist í framkvæmd.

6. Jákvæðir þættir

Það má þó alls ekki líta svo á að þróunin sé öll til hins verra. Ef rétt er á málum haldið er þvert á móti hægt að nýta þróunina til að styrkja smáþjóðatungur verulega. Evrópusambandið hefur fyrir löngu viðurkennt þann vanda sem felst í þeim fjölda tungumála sem töluð eru í Evrópu, og nauðsyn þess að bregðast við vandanum til að auðvelda menningarleg og efnahagsleg samskipti innan álfunnar. En jafnframt hefur Evrópusambandið, a.m.k. í orði, áttað sig á kostum þessarar fjölbreytni. Þannig segir í bæklingnum *Language and Technology*:

We should see Europe's linguistic diversity not as a weakness, however, but as one of its strengths. National and regional differences – which reflect and are reflected by language – lead to a rich diversity of attitudes and approaches to solving problems and creating solutions. This leads to the creation of a wider variety of products, in many languages.

Til að auðvelda flutning upplýsinga milli mála hefur Evrópusambandið á undanförunum árum veitt verulegu fé til verkefna sem miða að því að koma upp viðamiklum gagnasöfnum fyrir einstök tungumál. Þar má m.a. nefna PAROLE-áætlunina, sem tekur til 14 evrópskra tungumála. Innan hennar er verið að koma upp 20 milljón orða textasafni og 20 þúsund orða fullgreindu orðasafni fyrir hvert tungumál. Á þessu á síðan að vera hægt að byggja ýmiss konar forrit, s.s. villuleitarforrit, þýðingarforrit o.s.frv. Reyndar er engin reynsla komin á slíkt ennþá, og ýmsir hafa efasemdir um að þessi gagnasöfn séu nógu stór; en á það mun væntanlegar reyna fljótlega.

En jafnvel þótt þessi áætlun skili því sem til er ætlast er björninn ekki unnin, því að ýmis mál standa þar fyrir utan; þar á meðal íslenska og færeyska. Það má vel halda því fram að Íslendingar hafi sofið á verðinum í þessu efni; þeir áttu þess nefnilega kost að vera með frá upphafi, því að verkefnið tekur til alls evrópska efnahagssvæðisins. En því miður áttuðu menn sig ekki á því í tíma hvað hér er í húfi. Orðabók Háskólans gerði tilraun til þess nú í vor, í samstarfi við einkaaðila á Íslandi og ásamt stofnunum í Noregi og á Írlandi, að sækja um styrk til að koma upp sams konar gagnasöfum og í PAROLE, en sú umsókn var ekki samþykkt. Því er ekkert að gerast í þessum málum á Íslandi.

7. Að lokum

Það er örugglega rétt sem Ari Páll Kristinsson skrifar í síðasta hefti *Sprog i Norden* (bls. 43) að staða hinnar íhaldssömu íslensku málverndarstefnu er ótrúlega sterk. En ég er ekki viss um að hin hefðbundna málverndarstefna búi yfir verkfærum sem dugi við hinar nýju aðstæður.

Heimildir

Ari Páll Kristinsson. 1997. Konservativt sprogværn i et samfund under store omvæltninger. *Sprog i Norden*, s. 43-54.

Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið. 1996. Ríkisstjórn Íslands, Reykjavík.

Í krafti upplýsinga. 1996. Tillögur menntamálaráðuneytisins um menntun, menningu og upplýsingatækni. 1996-1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Language and Technology. 1996. From the Tower of Babel to the Global Village. Office for Official Publications of the European Communities, Luxembourg.